



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



# Leikskóladeild Ártúnsskóla

## Starfsáætlun 2023 – 2024



**Árangur - Virðing - Velliðan**

**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	4
2.1 Innra mat.....	4
Ytra mat.....	4
Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	6
3 Innra mat deilda.....	7
3.1 Innra mat Árholt.....	7
3.2 Innra mat Lágholt.....	9
3.3 Innra mat Háholt.....	11
4 Innra mat sérkennslu.....	14
Mat á sérkennslu 2022-2023.....	14
Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	14
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	15
Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023.....	15
Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024.....	16
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
8 Foreldrasamvinna.....	17
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	17
10 Fylgigögn.....	18



## Leiðarljós

Leiðarljós leikskólans eru **Árangur - Virðing - Velliðan**

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór ágætlega af stað okkar helstu áskoranir í vetur voru mannekla og því sem fylgir þ.e. að þurfa að senda börn heim sem er alltaf leiðinlegt og tekur mikið á börn, foreldra og starfsmenn.

Draumur okkar um útielhdús út í garði leikskólans varð að veruleika í vetur þar sem að Bárður umsjónarmaður Ártúnsskóla smíðaði það fyrir leikskólann í vetur. Þetta eru tvær einingar önnur með vaski og hin með gömlum eldavélahellum og eru bæði starfsmenn og börn hæstánægð með það. Við leggjum ríka áherslu á útikennslu í leikskóladeildinni og nýtum okkar nánasta umhverfi til þess sem er alger útivistarparadís. Yngri börnin eru í útikennslu á leikskólalóðinni og svo förum við lengra frá leikskólalóðinni eftir því sem börnin eru eldri og getumeiri. Helstu kostir útikennslu eru að bæði börn og kennarar eru úti í ferska loftinu og fá mikla hreyfingu. Útikennslan hentar öllum því námið er að forsendum barnanna með stuðning kennara. Þar virkjast sköpunarkraftur barnanna, sjálfstæði eflist og lýðræði eykst. Verkefni eru fjölbreytt og afraksturinn sömuleiðis af fjölbreyttum toga. Útikennsla eflir sem dæmi má nefna frínhreyfingar, grófhreyfingar, sköpun, læsi, sjálfstæði, hugrekki og svo mætti lengi telja. Einnig erum við dugleg að nýta okkur það sem Árbæjarsafn hefur uppá að bjóða þar sem að það er í túnfætinum hjá okkur.

Við leggjum ríka áherslu á málörvun, í daglegu starfi í leikskólanum þarf að baða börn í tungumáli. Þau þurfa samvistir við fullorðna og börn til að ná tókum á málinu. Þau þurfa að heyra mál og fá tækifæri til að nota það til að læra. Starfsmenn nota hvert tækifæri sem gefst til að styðja við máltökuna t.d. með því að nota gæðamálörvun.

Á vormánuðum fór hluti starfsfólks Ártúnsskóla í námsferð til London. Markmið ferðarinnar var að kynna sér leiðsagnarnám og fjölbreytta kennsluhætti. Námsferðin var skipulögð af John Morris skólastjóra Ardleigh Green junior school í London sem er bæði leikskóli og grunnskóli fyrir börn að 11 ára aldri. John Morris er margverðlaunaður skólastjóri og skólinn sem hann stýrir hefur undanfarin ár fengið framúrskarandi niðurstöður í ytra mati. Í ferðinni voru auk þess fleiri grunn- og leikskólar heimsóttir. Skólarnir sem um ræðir voru valdir af John Morris vegna sérstöðu sinnar og góðs árangurs. John Morris var auk þess með daglangt námskeið í leiðsagnarnámi sem nýttist vel bæði fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla.

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Ellen Gísladóttir skólastjóri



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### 2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Deildarfundir</b>	Umræður á deildarfundum	starfsmenn	Með því að hafa reglulega deildarfundir yfir veturinn eins og áætlun gerir ráð fyrir geta starfsmenn deilda samræmt vinnubrög betur og upplýsingaflæði er betra
<b>Hugarfrelsi</b>	Á deildarfundum	starfsmenn deilda	Mis mikið náðist að kynna öndunaræfingar fyrir börnunum eftir deildum og settum við því Hugarfrelsi sem matsþátt á hverri deild
<b>Starfsmannafélag</b>	Umræður á starfsmannafundi í að vori	Starfsmenn	Aukning varð á þátttöku starfsmanna í hinum ýmsu viðburðum skólans

### Ytra mat

#### 2.2 Foreldrakönnun

Skóla- og frísundasvið gerði könnun á meðal foreldra leikskólans í maí 2023 og svarhlutfall var 72,9%. Helstu niðurstöður eru þær að margir þættir hafa lækkað frá síðustu könnun.

Styrkleikar könnunarinnar eru að finna í kaflanum er varða barnið og starfið m.a. að barninu líði vel í leikskólanum og að foreldrar telja barnið sitt öruggt í leikskólanum.



Þeir þættir sem þarf að vinna betur með eru m.a. snúa að aðkomu foreldra að leikskólastarfinu, því sem er að gerast innan veggja leikskólans og þekkingu þeirra á stefnu leikskólans. Einnig er aðbúnaður skólans orðinn ansi gamall og þarf að endurnýja margt.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	Foreldrakönnun	foreldrar	3,43
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	Foreldrakönnun	foreldrar	3,20
Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni	Foreldrakönnun	foreldrar	3,62



## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Stjórnendur	Að stjórnendur sé meira til staðar fyrir foreldra í daglegu starfi	Að stjórnendur séu sýnilegir þegar foreldrar eru að koma með og sækja börnin sýn í leikskólan	Sjórnendur	sept	maí	Foreldrakönnun að vori	Að foreldrar upplifi að stjórnendur séu til staðar í leikskól anum
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Sköpun	Að börn fái tækifæri til að skapa verk frá grunni	Með því að skapa aðstæður á deildum til að börnin geti skapað	Deildarsjórar	sept	maí	Rýnihópar að vori einn starfsmaður af hverri deild	Að börn fái tækifæri til að skapa verk/verkefni frá grunni í leikskól anum amk einu sinni í mánuði
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
Starfsmennahópurinn	Að þjappa nýju og gömlu starfsfólk í saman	Með hópefli á starfsdögum og hittingi utan vinnutíma	stjórnendur	sept	maí	Starfsmenn umræður á starfsdegi að vori	Að samvinna og samhaldni starfsfólks aukist
<b>Innra mat</b>							



Skólanámskrá	Að gera nýja skólanámskrá fyrir leikskólann	með hópavinnu starfsfólks og stjórnendanna leikskólans	stjórnendur	sept	maí	safna gögnum	Að ný skólanámskrá leikskólans verði til
--------------	---	--	-------------	------	-----	--------------	--

### 3 Innra mat deilda

#### 3.1 Innra mat Árholt

Aðlögun barna var tvískipt í september. Áherslan á deildinni fyrir áramót var aðlögun barna sem gekk vel og skapa dagskipulag sem samræmdist barnahópnum. Foreldraviðtöl voru boðuð í maí og júní. Hópastarfi lauk í apríl og sumarstarf tók við þar sem áhersla var að aðlaga þau börn sem myndu flytja yfir á Lágholt.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Skapa meiri ró eftir morgunmat.	Umræður starfsmanna á deildarfundum og skipulagsdegi.	Starfsmenn Árhólts	Börnum var skipt á milli tveggja til þriggja stofa. Börnin fengu val á leikföngum og voru fljót að aðlagast. Passa þurfti betur upp á fjölda barna í hverri stofu. Það skapaðist meiri ró á börnum og starfsfólk var meðvitaðra um hvar það ætti að vera.
Hreyfistund.	Umræður starfsmanna á deildarfundum og skipulagsdegi.	Starfsmenn Árhólts	Sett var upp plan fyrir misseri. Starfsfólk nýtti sér tillögur deildarstjóra sem



			voru settar fyrir hvern mánuð. Þar sem grunnurinn var að æfa boltaleiki, jafnvægi, styrk og þol. Starfsfólk samræmdi verklag yfir veturinn.
--	--	--	---

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Málörvun</b>	Lesturinn sé aldursmiðaður og lesið sé á fjölbreyttan hátt.	Nýtum samveru stundir.	Deildarstjóri sér um að nóg sé til af aldursmiðuðum bókum.	Sept	Ágús	Endurmetið á næsta skipulagsdegi.	Að starfsfólk sé tamt að lesa á fjölbreyttan hátt og nýti þátttökulýðræði með börnunum.
<b>Hugarfrelsi.</b>	Starfsfólk notar hugarfrelsi á fjölbreyttan hátt í starfi.	Efni tekið saman og kynnt fyrir starfsfólki strax að hausti.	Deildarstjóri	sept	ágús	Farið yfir í umræðum á næsta skipulagsdegi.	Að Hugarfrelsi sé notað í hvíldarstundum og í samverum.
<b>Samverustund.</b>	Fjölbreyttar, hnitmiðaðar og skemmtilegar	Börnin fá að hafa meiri áhrif á efni stundanna.	Deildarstjóri sér um að það sé til nóg af efni fyrir starfsmenn.	sept	Ágús	Unnið saman á skipulagsdögum.	Að börnin og starfsfólk hafi gaman af samverustundunum, og starfsfólk nái tökum á fjölbreyttu efni.

### 3.2 Innra mat Lágholt

Deildin opnaði í sínum venjulega tíma í ágúst og aðlögun barna og flutningar hófust samkvæmt áætlun í september. Að því loknu voru 9 börn í 2019 árgangi og 9 börn í 2020





árgangi. Í október bættist svo við barn meðal 2019 hópsins og voru þá börnin 19 talsins. Fjöldi barna hélst út maí þegar tvö börn hættu í sitthvorum árganginum. Breytingar urðu á starfsmannahópnum yfir skólaárið eins og gengur og gerist. Helsta markmið okkar fyrir áramót var að samræma vinnubrögð í takt við fjölda og þarfir barnanna til að skapa rólegra starfsumhverfi. Eftir áramót tókum við umbótaþættina þéttari tökum. Þó að umbótaþættir hafi ekki náð öllum settum markmiðum var talið að ferlin væru komin nægilega vel að af stað. Aðeins þurfi að slípa hér og þar en þeim sé lokið að sinni.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Auka aðgengi barna að skapandi starfi</b>	Gegnum umræður starfsmanna á skipulagsdegi.	Starfsmenn deildarinnar í apríl 2023	Öll börn fengu tækifæri við skapandi starf. Áhugi jókst yfir árið. Tjáning og færni barna jókst í samræmi. Halda góðu aðgengi og bæta við þemastarfi yfir skólaárið. Bæta þarf skráningu.
<b>Auka þátttöku barna í samveru með aðkomu þeirra að hvað er gert hverju sinni.</b>	Gegnum umræður starfsmanna á skipulagsdegi	Starfsmenn deildarinnar í apríl 2023	Starfsfólk tamdi sér að bjóða börnum valkosti. Bjóða upp á formlegri kosningu. Auka fjölbreytni og þjálfa starfsfólk í því. Hafa sjónræna valmöguleika.
<b>Að auka meðvitund starfsfólks um einkunnarorð skólans og notkun í starfinu.</b>	Gegnum umræður starfsmanna á skipulagsdegi	Starfsmenn deildarinnar í apríl 2023	Gekk vel til að byrja með en tapaðist í mannbreytingum. Virðin og vellíðan temst vel en árangur sem hugtak gleymist.
<b>Að lögð sé áhersla á sjálfsprottinn leik barna og að starfsmenn séu</b>	Gegnum umræður starfsmanna á skipulagsdegi	Starfsmenn deildarinnar í apríl 2023	Starfsfólki skortir þjálfun í utanumhaldi á sjálfsprottum leik. Nýta þarf hópastarf að hausti til að þjálfa börn og



<b>virkir leiðbeinendur og þátttakendur</b>			starfsfólk í fjölbreyttum leik og hvernig megi dýpka hann og sinna.
---	--	--	---

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Hugarfrelsi</b>	Að starfsfólki sé tamt að nota hugarfrelsi á fjölbreyttan hátt í starfinu.	Efnið tekið saman og kynnt að hausti.	Deildarstjóri	Ágúst	Septem-ber	Endurmetið í umræðum á næsta skipulagsdegi. Og skráningum á notkun.	Að hugarfrelsi sé notað í öllum hvíldarstundum og reglulega í samveru. Að hugarfrelsi nýtist við tilfinningas tjórnun barna.
<b>Samverustundir</b>	Að samverustundir séu fjölbreyttar, lýðræðislegar og markvissar.	Að starfsfólki bjóðist fjölbreytt efni og sjónræn verkfæri til að bjóða upp á þátttökulýðræði með börnum.	Deildarstjóri	Ágúst	Maí	Endurmetið í umræðum á skipulagsdögum.	Að starfsfólk nái tökum á fjölbreyttum efni og upplifi samverustundir jákvætt og þær haldi athygli.
<b>Útikennsla</b>	Að útikennsla sé reglubundin að hausti og vori. Hún auki getu barna og þekkingu á nærumhverfi.	Að starfsfólk hafi valkosti til að fara með börnin.	Deildarstjóri	Ágúst	Maí	Endurmet í umræðum á skipulagsdögum og skráningar.	Að hver hópur fari amk tvisvar í mánuði í ferð á útikennslutímabilum.

### 3.3 Innra mat Háholt

Deildin opnaði í sínum venjulega tíma í ágúst og aðlögun barna og flutningar hófust samkvæmt áætlun í september. Að því loknu voru 9 börn í 2017 árgangi, 12 börn í 2018 árgangi og 2 börn í 2019 árgangi. Breytingar höfðu orðið á starfsmannahópnum og vorum við



Því líka að aðlaga tvo nýja starfsmenn. Stuðningur á deildinni var meiri en árið áður og það í bland við fulla deild gerði það að verkum að helsta markmið okkar fyrir áramót var að samræma vinnubrögð við þarfir barnanna til að skapa rólegra starfsumhverfi. Við unnum hin ýmsu verkefni tengd barnasáttmálanum og svo var ríkuleg áhersla lögð á vináttuverkefni barnaheilla sem og Hugarfrelsi.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Að auka sýnileika einkunnarorða skólans, ábyrgð, virðing og vellíðan á deildinni og virkja þau í öllu starfi deildarinnar.</b>	Gegnum umræður starfsmanna á skipulagsdegi	Starfsmenn deildarinnar í apríl 2023	Einkunnarorðin eru á sýnilegri stað og við höfum tamið okkur að nota þau meira í daglegu tali. Við erum orðin meðvitaðri um að tala mikið um orðin og höfum reynt að temja okkur að tengja athafnir við einkunnarorðin. Eldri börnin hafa náð töluverðum skilning á þessum hugtökum.
<b>Vináttuverkefni barnaheilla-Blær</b>	Gegnum umræður starfsmanna á skipulagsdegi	Starfsmenn deildarinnar í apríl 2023	Það hefur gengið vel að vinna með Blæ. Á haustönninni fórum við yfir helstu spjöldin og lásum margar vináttubækur. Einnig fórum við í gegnum helstu leikina. Börnin eru farin að tala um sig sem perluvini og vilja öll vera ofurvinir. Þau eru einnig dugleg að minna hvert annað á hvað vinir gera. Ef einhver meiðir sig þá eru þau fljót að sýna umhyggju og gefa hvert



			öðru sól í bakið. Samkenndin hefur aukist.
<b>Endurmat barnanna á frjálssa leiknum</b>	Gegnum umræður starfsmanna á skipulagsdegi	Starfsmenn deildarinnar í apríl 2023	Starfsmenn eru mun duglegri að spyrja börnin hvað þau vilja hafa í boði í valinu og hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í leikskólanum. Börnin koma oft með hugmyndir og fá að hafa skoðun á því hvað þau fara að gera.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Hugarfrelsi</b>	Að starfsfólki sé tamt að nota hugarfrelsi á fjölbreyttan hátt í starfinu.	Efnið tekið saman og kynnt að hausti.	Deildarstjóri	sept	Maí	Endurmetið í umræðum á næsta skipulagsdegi. Og skráningum á notkun.	Að hugarfrelsi sé notað í öllum hvíldarstundum og reglulega í samveru. Að hugarfrelsi nýtist við tilfinningas tjórnun barna.
<b>Samverustundir</b>	Að samverustundir séu fjölbreyttar, lýðræðislegar og markvissar.	Að starfsfólki bjóðist fjölbreytt efni og sjónræn verkfæri til að bjóða upp á þátttökulýðræði með börnum.	Deildarstjóri	sept	Maí	Endurmetið í umræðum á skipulagsdögum.	Að starfsfólk nái tökum á fjölbreyttum efni og upplifi samverustundir jákvætt og þær haldi athygli.



Útikennsla	Að útikennsla sé reglubundin að hausti og vori. Hún auki getu barna og þekkingu á nærumhverfi.	Að starfsfólk hafi valkosti til að fara með börnin.	Deildarstjóri	Sept	Mái	Endurmat í umræðum á skipulagsdögum og skráningar.	Að hver hópur fari amk tvisvar í mánuði í ferð á útikennslutímabilum.
------------	--	---	---------------	------	-----	--	---



## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla var skipulögð út frá þörfum barna, hún var haft utan deildar á meðan verið var að kenna börnum færni og innan deildar til að æfa færni í umhverfi. Við notuðum einstaklingsnámskrá til að setja okkur markmið og atferlisskráningu til fylgja eftir vinnustundum.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	TRAS: 2-5 ára börn Hljóm-2: 5 ára börn, endurtekið ef slök eða mjög slök færni EFI-2: 3 ára börn
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Myndir, spil, bækur, verkefnablöð og smáforrit voru notuð í þjálfun og leikföng notuð til að styrkja hegðun.

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Snemmtæk íhlutun</b>	einstaklingismiðuð kennsla	skrá og meta staða yngri barna	Sérkennslustjóri og deildastjórar	ágúst 2023	maí 2024	Deildastjórafundi	Framför barna er mælanleg
<b>Viðbragsáætlun</b>	starfsfólk bregst eins við í svipuðum aðstæðum	nákvæm áætlun um viðbrögð	Sérkennslustjóri og deildastjórar	ágúst 2023	maí 2024	Deildastjórafundi	Óæskilegri hegðun fækkar



## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Tvítyngd börn eru í málörvunarhóp þar sem er verið að vinna með grunnorðaforða og undirbúa sögulestur. Auk þess vinnum við með Gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, gæða samskipti við hvert barn á hverjum degi, við setjum orð á alla hluti og athafnir. Í samverustundum er farið yfir sömu atriði á hverjum degi eins og veður, klæðnaður og árstíðabundin atriði. Bækur eru valdar með mismunandi orðaforða og börnin eru spurð út í söguþráð og hvatt til að spyrja spurninga. Svo er gefinn tími til að börn fá tækifæri fyrir að spjalla um sín áhugamál eða málefni sem þau vilja tala um.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramar og TRAS eru notuð til að fylgjast með framförum barna í daglegu starfi.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við ýtum undir virka þátttöku barna með því að nota málefni eftir áhugasviði þeirra og vinnum með öllum þáttum máls. Sögulestur bætir orðaforða, skilning og hlustun, spjall um sögur bætir tjáningu og frásögn. Við höfum stafi og orð sýnileg í leikskólanum og vinnum með Lubba til að bæta hljóðkerfisvitund. Auk þess erum við að leggja áherslu á tilfinningar, áhugamál og styrkleika hver og eins- í gegnum leik og hópastarf.



## Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móttöku erlendra barna	Halda áfram með áætlun um móttöku erlendra barna	Skrá ferli	Stjórnun dur og sérkenns lustjóri	sept 2023	maí 2024	Deildarstjó rafundir	Að áætlun sé tilbúin og starfsfólk fái kynningu um hana
Þema	Vinna markviss t með þemu	Setja upp þemu til að auðga orðaforða a enn frekar	Stjórnun dur og sérkenns lustjóri	sept 2023	maí 2024	mæla orðaforða	Orðaforði fjöltyngdr a barna eykst

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl og tók aðstoðarleikskólastjóri þau. Almenn ánægja var hjá starfsmönnum og vellíðan í vinnunni. Starfsmenn nefndu einnig hversu lýjandi starfsmannaveltan er og krefjandi viðureignar og mikil þreyta var í fólki.

Við höfum þann háttinn á að skoða þau fjölmörgu tilboð af námskeiðum sem auglýst eru á hverju skólaári. Stjórnendateymi skólans er vakandi yfir hvaða námskeið henta starfsemi og starfsfólki leikskólans og bregðast við tilboðum þegar þau berast. Enn fremur eru starfsþróunarsamtöl greind og fræðsla ákveðin út frá þeim. Áætlun um starfsþróun næsta árs *sjá fylgiskjal 2*.

Á vormánuðum fór hluti starfsfólks Ártúnsskóla í námsferð til London. Markmið ferðarinnar var að kynna sér leiðsagnarnám og fjölbreytta kennsluhætti. Námsferðin var skipulögð af John Morris skólastjóra Ardleigh Green junior school í London sem er bæði leikskóli og grunnskóli fyrir börn að 11 ára aldri. John Morris er margverðlaunaður skólastjóri og skólinn sem hann stýrir hefur undanfarin ár fengið framúrskarandi niðurstöður í ytra mati. Í ferðinni voru auk þess fleiri vel valdir grunn- og leikskólar heimsóttir sem allir voru valdir af





Morris fyrir sérstöðu og góðan árangur. John Morris var auk þess með daglangt námskeið í leiðsagnarnámi sem nýttist bæði fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfssamningur á milli grunnskóla- og leikskóladeildar er gerður á hverju hausti og stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu með það markmið að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Elstu börnin í leikskólanum fara m.a. í heimsókn í fyrsta bekk, í sögustund á skólabókasafninu, á samverur hjá fyrsta bekk og fara einu sinni í viku yfir veturinn í íþróttir í íþróttasalnum. Þau heimsækja einnig Skólaset og á vormánuðum æfa þau sig að borða í matsal grunnskólans. Næst elstu börnin fara einnig í nokkrar heimsóknir yfir í grunnskólann yfir veturinn og fara tvisvar í mánuði í íþróttir í íþróttasal grunnskólans. Einnig heimsækja nemendur úr fyrsta og fjórða bekk grunnskólans leikskólann en fjórði bekkur er vinabekkur elstu barna leikskólans. Elstu börnin í leikskólanum og fyrsti bekkur vinna samstarfsverkefni á vormánuðum og hittast þá nokkru sinnum og er börnunum þá skipt upp í hópa og eru smiðjur bæði í leik- og grunnskólanum. Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar *sjá fylgiskjal 3*.

## 8 Foreldrasamvinna

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreklamum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekin skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði sitja fimmtán manns. Skólaráð fundar að jafnaði 5 sinnum á ári, fyrsta miðvikudag í mánuði anna hvern mánuð. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, 21 rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða



foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum. Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Annars vegar í nóvember og hins vegar í apríl. Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir foreldra barna í leik- og grunnskólanum. Atburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. jólaföndur, páskabingó, halloweenball og þrífadagur. Einnig greiðir foreldrafélagið jólasvein fyrir leitina að jólasveininum og jólaball leikskólans.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu. Starfsdagar skólaársins 2023-2024 eru:

21. september 2023 , 25. október ½ dagur 2023, 24. nóvember 2023,

2. janúar 2024 , 6. febrúar 2024, 12. apríl ½ dagur 2024, 17. maí 2024,

Leikskóladagatal *sjá fylgiskjal 4.*

## 10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn skólaráðs

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun 2023-2024

Fylgiskjal 3 - Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2022-2023

Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal Ártúnsskóla 2023-2024

F. h. Leikskóladeildar Ártúnsskóla 29. júní 2023

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Ellen Gísladóttir skólastjóri



# **Starfsáætlun 2023 – 2024**

## **Leikskóladeild Ártúnsskóla**

### **Umsögn foreldraráðs:**

#### **Sjá fylgiskjal 1**

#### **Skólaráð Ártúnsskóla skipa:**

**Ellen Gísladóttir - skólastjóri**

**Guðrún Bára Gunnarsdóttir - aðstoðarskólastjóri**

**Hólmfríður Hannesdóttir - aðstoðarleikskólastjóri**

**Lilja Rut Bech Hlynsdóttir - fulltrúi kennara**

**Bárður Steinn Jóhannesson - fulltrúi starfsmanna**

**Hanna Sóley Helgadóttir - fulltrúi frístundar**

**Bjarni Þórðarson - fulltrúi foreldra og Frístundarmiðstöðvar Ársels**

**Birgir Smári Ársælsson - fulltrúi foreldra**

**Tina Paic - fulltrúi foreldra**

**Stefán Orrí Stefánsson - fulltrúi foreldra og foreldrafélags**

**Steinar Þór Oddsson - fulltrúi nemenda**

**Viktor Örn Jónatansson - fulltrúi nemenda**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**







ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI  
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Árkvörn 4- 6 -110 R Sími: 4117690

---

Reykjavík 29.06.2023

*Efni:*

*Starfsáætlun leikskóladeildar Ártúnsskóla 2023-2024 var lesin yfir af Birgi Smára Ársælssyni fulltrúa foreldra í skólaráði Ártúnsskóla. Engar athugasemdir komu fram.*

Hólmfríður Hannesdóttir  
Aðstoðarleikskólastjóri Ártúnsskóla

## Símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla 2023 - 2024

### Námskeið/fræðslufundir/kynningar

Námskeið – fræðslufundir og kynningar	Þátttakendur	Umsjón	Tímamagn	Tímasetning
<b>Haustsmiðjur kennara</b>	Grunnskóla- og leikskóla- kennarar	SFS	4 – 16 klst.	8. – 11. ágúst
<b>Leiðsagnarnám</b>	Grunnskóla- og leikskóla kennarar	Stjórnendur og starfshópur	10 klst	Allt skólaárið
<b>Vinnuvernd</b>	Allir starfsmenn	Vinnueftirlitið	4 klst	21. september - starfsdagur
<b>Lestur</b>	Grunnskóla kennarar	Miðja máls og læsis	2 klst	september 2023
<b>Málproski</b>	Leikskóla- starfsmenn	Miðja máls og læsis	2 klst	Haustönn
<b>UTÍS online</b>	Kennarar og stjórnendur	Stjórnendur	8 klst	september 2023
<b>Vinnustaðamenning</b>	Allir starfsmenn	Saga competence	2 klst	24. nóvember - starfsdagur
<b>Endurmenntun stjórnenda</b>	Stjórnendur	SFS	8 klst.	Á skólaárinu
<b>Innra mat</b>	Stjórnendur og kennarar	Austurmiðstöð	6 klst.	Allt skólaárið
<b>Útinám og umhverfisfræðsla</b>	Kennarar	Stjórnendur og starfshópur	4 – 8 klst.	Allt skólaárið
<b>Jafningjafraðsla</b>	Kennarar	Stjórnendur	10 klst.	Allt skólaárið
<b>Leikskólaráðstefnan</b>	Starfsmenn leikskóla	SFS	4 klst.	í febrúar
<b>Heilsuefling starfsmanna</b>	Allir starfsmenn	Starfshópar í heilsueflingu og umhverfismennt	10 klst.	Allt skólaárið
<b>Tækninotkun í kennslu</b>	Grunnskóla- kennarar	SFS - Mixtúra	Misjafnt	Á skólaárinu





**fylgiskjal 2**

<b>Byrjendalæsi</b>	Grunnskóla kennarar	Háskólinn á Akureyri	20 klst.	Allt skólaárið
<b>Öskudagsrástefna</b>	Grunnskóla-kennarar	SFS	4 klst.	14. febrúar
<b>Námskeiðsdagur SFS</b>	Allir starfsmenn	SFS	7 klst.	17. maí
<b>Íslensku námskeið</b>	Starfsmenn með annað móturmál en íslensku	Stjórnendur	10 klst.	Á skólaárinu
<b>Höfuð í bleyti</b>	Starfsmenn frístundaheimilis	SFS	4 klst	Á vorönn

Skólastjórnendur áskilja sér rétt til að fella niður námskeið / fræðslufundi eða færa til á skólaárinu.

## Samstarfsverkefni grunnskóla- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2022 - 2023

Í Fjólubláa hóp (árg.2017) eru 9 börn og í Bláa hóp (árg.2018) eru 12 börn.

4.bekkur og fjólublái hópur eru vinabekkir, inn í skipulagið hafa verið settar heimsóknir sem snúa að lestri, spilum og samveru.

Samstarfssamningur milli grunnskóla- og leikskóladeildar stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu grunnskóla- og leikskóladeildar með það markmið að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Á skólaárinu 2022 - 2023 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði.

	<u>Bókasafn</u>	<u>1.bekkur</u>	<u>Fundir</u>	<u>4. bekkur</u>	<u>Skólasel</u>	<u>Matsalur, hringekja og heimilisfræði</u>
<b>Ágú/ sept</b>	Aðlögun í leikskóladeild, skipulag unnið.					
<b>Okt</b>	Þri. 4. okt kl. 9:05 Fjólublái hópur á bókasafn			Mán 10. okt. kl. 9:05 4. bekkur heimsækir allan leikskólann og les fyrir börnin		
<b>Nóv</b>	Þri. 1. nóv. kl. 9:05 Blái hópur á bókasafn	Mið. 16. nóv - kl. 9:05 Fjólublái hópur - heimsókn í 1. bekk	Þri - 15. nóv kl. 15 fundur hjá yngri barna teymi	Mán 7. nóv kl. 9:05 Fjólublái hópur heimsækir vinabekk	Þri. 29. nóv. kl. 9:05 - fjólublái hópur í heimsókn í Skólasel	
<b>Des</b>		9. des. - fjólublái hópur á samveru 1. b kl. 8:25  Mið 14. des kl. 9:05 heimsækir 1.b fjólubláa hóp á leikskóla og syngja jólalög og skiptast á jólakortum				8. des. 10:05 - 11:25 fjólublái hópur bakstur í heimilisfræði með Rakel

### fylgiskjal 3

<b>Jan</b>	Þri 10. jan. kl. 9:05 Fjólublái hópur á bókasafn		Þri - 31. jan kl. 15 fundur hjá yngri barna teymi	Mán. 16. jan kl. 9:05 4. bekkur heimsækir allan leikskólann og les fyrir börnin	Þri. 24. jan kl. 9:05 - fjólublái hópur í heimsókn í Skólasel	
<b>Feb</b>	Þri. 7. feb. kl. 9:05 Blái hópur á bókasafn	Mið 15. feb.- kl. 9:05 Fjólublái hópur - heimsókn í 1. bekk	Þri - 14. feb kl. 15 fundur hjá yngri barna teymi	Mán 27. feb. kl. 9:05 Fjólublái hópur heimsækir vinabekk		9. feb. 10:05 - 11:25 fjólublái hópur bakstur í heimilisfræði með Raket
<b>Mar</b>	Þri 7. mars kl. 9:05 Fjólublái hópur á bókasafn			Mán 13. mar. kl. 9:05 4. bekkur heimsækir fjólubláa hóp á leikskólann	Þri. 21. mar kl. 9:05 - fjólublái hópur í heimsókn í Skólasel	Hringekja - samvinnuverkefni 1. bekkjar, frístundar og fjólubláahóps
<b>Apr</b>	Þri. 18. apr. kl. 9:05 Blái hópur á bókasafn			Mán 17. apr. kl. 9:05 Fjólublái hópur heimsækir vinabekk		Hringekja - samvinnuverkefni 1. bekkjar, frístundar og fjólubláahóps
<b>Maí</b>		Mið 17. maí - kl. 9:05 Fjólublái hópur - heimsókn í 1. bekk  5. maí - fjólublái hópur á samveru 1. b kl. 8:25  Opið hús í leikskóla - 1. bekk boðið í heimsókn dags. kemur síðar	Skilafundur frá leikskóla mið 3. maí kl. 10 á fundarherbergi  23. maí - mat á verkefninu		Þri. 9. maí kl. 9:05 - fjólublái hópur í heimsókn í Skólasel	Vikuna 15. - 19. maí borðar Fjólublái hópur í matsal grunnskólans

#### Íþróttatími í íþróttahúsi

Fjólublái hópur fer í íþróttahús á þriðjudögum kl. 10:05 - 10:45. Blái hópur fer með þeim í annað hvert skipti yfir veturinn. Í íþróttahúsinu fá leikskólabörnin tækifæri til að nýta þau tæki og tól sem eru í íþróttahúsinu með leikskólakennurum sínum.

### **Heimsóknir í 1. bekk**

Í heimsóknunum munu leikskólanemendur hitta nemendur 1. bekkjar sem eru mörg hver fyrrum leikskólafélagar þeirra, fá að kynnst kennslustofu, vinna í kennslustund, borða nesti og fara í frímínútur.

### **Skólasafn**

Sögustund/kennslustund á skólasafn skólans, lesin er saga fyrir börnin og þau skoða bókasafnið og bækur safnsins.

### **Skólasel**

Skólasel, leikskólabörnin fara í heimsókn í Skólasel og kynnst húsnæði og efnivið.

### **Samverur**

Á föstudagssamverum í grunnskólanum sjá leikskólabörnin afrakstur bekkjanna sem eru með samverur.

### **1. bekkur úr Ártúnsskóla:**

1. bekkur heimsækir Fjólubláa hópinn í leikskólann í desember, syngja með þeim jólalög og skiptast á jólakortum. Boðið upp á veitingar. Í maí verður opið hús í leikskólanum. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Nemendum í 1. bekk verður boðið í heimsókn í leikskólann að skoða verkin sem verða til sýnis.

### **Eldri nemendur – heimsóknir:**

Nemendur úr 4. bekk munu heimsækja leikskóladeildina og lesa stuttar sögur og ljóð fyrir leikskólanemendur. Fjólublái hópur mun einnig heimsækja 4. bekk og þá gefst tækifæri til að leika, lesa, spila, fönndra og fleira í grunnskólanum.

### **Samstarfsverkefni**

Fjólublái hópurinn mun vinna þemaverkefni með 1. bekk og frístund á vordögum. Skipulag í umsjón 1. bekkjarkennara, forstöðumanns frístundar og deildarstjóra stoðþjónustu ásamt deildarstjóra Háholts.

Fulltrúar nemenda úr Fjólubláa hóp funda a.m.k. 3 fundi með umhverfisnefnd grunnskólans þ.e. undirbúningsfund að hausti, aðalfund að hausti og vorkund. Starfar með grunnskólanum að verkefnum eins oft og þörf er á.

Fjólublái hópur borðar hádegisverð í mótuneyti grunnskólans eina viku að vori til að kynnst þeirri rúttínu og æfa sig fyrir komandi grunnskólagöngu.

**Útivera á leikskóla er alla daga frá kl. 10:05 - 11:00**

### fylgiskjal 3

Bekkirnir fara í heimsókn einu sinni í þeim mánuði sem þeir fá úthlutað. Grunnskólabörnin hafa mjög gaman af því að koma í heimsókn í leikskólann og þess vegna viljum við nýta það í krafti sameiningar leik- og grunnskólans að bjóða öllum árgöngum að koma að leika við leikskólabörnin í garðinum. Umsjónarkennara þurfa í byrjun þess mánaðar sem að þeirra bekkur á að fara í heimsókn að hafa samband við Hólmfríði aðstoðarleikskólastjóra [holmfridur@rvkskolar.is](mailto:holmfridur@rvkskolar.is), sími 4117691 til að finna dagsetningu.

október	nóvember	desember	janúar	febrúar	mars	apríl
1.bekkur	2.bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur

<p style="text-align: center;"><b>Ágúst</b></p> <p>Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi Foreldraviðtöl vegna nýrra barna</p> <p style="text-align: center;"><b>September</b></p> <p>Aðlögun nýrra barna Litadagur Foreldrafundir Hópastarf hefst á deildum <b>25. STARFSDAGUR</b> 26. Evrópski tungumáladagurinn</p> <p style="text-align: center;"><b>Október</b></p> <p>Bleikur dagur Aðalfundur foreldrafélagsins Foreldrakaffi = foreldrum boðið inn á deild að morgni dags <b>25. 1/2 STARFSDAGUR EFTIR HÁDEGI</b> 27. Alþjóðlegi bangsadagurinn</p> <p style="text-align: center;"><b>Nóvember</b></p> <p>8. baráttudagur gegn einelti = unnið með vináttu 16. dagur íslenskrar tungu = samvera í sal <b>24. STARFSDAGUR</b> Jólafondur foreldrafélagsins Litadagur foreldrasamtöl</p> <p style="text-align: center;"><b>Desember</b></p> <p>Hópastarf í frí = jólastemning á deildum Fullveldisdagurinn 1. desember = samveru- stund í sal piparkökubakstur barna 1. bekkur og elstu börnin skiptast á jólakortum Leitin af jólasveininum = Foreldrum boðið með Jólasveinahúfudagur og rauður dagur Jólasýning á Árbæjarsafni (árg.2018) Jólamatur og jólaball</p>	<p style="text-align: center;"><b>Janúar</b></p> <p><b>2. STARFSDAGUR</b> 6. þrettándinn = dönsum út jólin 19. Bóndadagur = Þorablót í hádegi Hópastarf hefst aftur Dótadagur Vasaljósadagur</p> <p style="text-align: center;"><b>Febrúar</b></p> <p>6. Dagur leikskólans <b>6. STARFSDAGUR</b> 12. Bolludagur = Bollur í síðdegishressingu 13. Sprengidagur = saltkjöt í matinn 14. Öskudagur = furðufataball í sal kötturinn sleginn úr tunnunni</p> <p style="text-align: center;"><b>Mars</b></p> <p>Foreldrakaffi = foreldrum boðið inn á deild að morgni dags Hrósdagur 21. alþjóðlegi downs = misliti sokkad.</p> <p style="text-align: center;"><b>Apríl</b></p> <p>Einstakur apríl = fjölbreytileiki einhverfunnar <b>12. 1/2 STARFSDAGUR EFTIR HÁDEGI</b> 24. síðasta vetrardagur = Náttfatadagur 25. dagur umhverfis Foreldrasamtöl Barnamenningarhátíð</p> <p style="text-align: center;"><b>Maí</b></p> <p><b>17. STARFSDAGUR</b> Opið hús Elstu börnin í grunnskólaheimsókn með foreldrum sínum Útskriftarferð elstu barnanna Útskrift elstu barnanna Foreldraviðtöl vegna nýrra barna Sveitaferð leikskólans (foreldrafélag)</p> <p style="text-align: center;"><b>Júní</b></p> <p>Sameiginlegt grill með grunnskólanum Íþróttahátíð í leikskólanum Útidótadagur</p> <p style="text-align: center;"><b>Júlí</b></p> <p>Leikskólinn lokar í fjórar vikur</p>
<p><i>Leikskóladagatalið er áætlun sem er sett upp í dagskrá fyrir hvern mánuð, hengd upp í fataklefum og foreldrar fá senda í tölvupósti</i></p>	

--	--	--	--